SAMORKA

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

12. nóvember 2019

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta (ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.)

Með vísan í umsagnarbeiðni sem birtist í Samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 29.10.2019, mál nr. 272/2019, þá fylgir hér umsögn Samorku um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta (ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.)

Fram kemur í umsagnarbeiðninni að markmið frumvarpsins sé að greiða fyrir orkuskiptum í samgöngum í samræmi við stefnu stjórnvalda í þeim efnum fyrir tilstilli efnahagslegra hvata. Samorka tekur undir ofangreind markmið og fagnar framtaki stjórnvalda til að hraða orkuskiptum í samgöngum. Ísland hefur á undanförnum áratugum náð einstökum árangri í orkuskiptum með notkun endurnýjanlegra orkugjafa fyrir húshitun og raforkuframleiðslu í landinu. Stóra viðfangsefni mannkyns á sviði loftslagsmála er hins vegar sem fyrr að draga úr brennslu jarðefnaeldsneyta og á Íslandi er stærsta sóknarfærið að finna á sviði orkuskipta í samgöngum. Því tekur Samorka vel í þá vinnu sem unnin hefur verið og að er það mat samtakanna að um sé að ræða mikilvægt frumvarp. **Samtökin styðja frumvarpið og kalla eftir því að það verði lagt fram sem fyrst, nái fram að ganga og verði að lögum.**

Í frumvarpinu er að finna ýmsar tillögur sem Samorka tekur undir. Samtökin leggja sem fyrr áherslu á að þegar kemur að hagrænum hvötum til að stuðla að orkuskiptum, þá séu jákvæðir hvatar skilvirkasta leiðin til að ná þeim árangri sem stefnt er að.

Sérlega metur Samorka eftirfarandi atriði úr frumvarpinu sem jákvæð:

- Að gildistími virðisaukaskattsívilnana fyrir rafmagns- og vetnisbifreiðar verði framlengdur
- Að fjárhæðarmörk heimildar til niðurfellingar virðisaukaskatts og undanþágu frá skattskyldri veltu við kaup á rafmagns- eða vetnisbifreið verði hækkuð.
- Að fjöldi rafmagns-, vetnis og tengiltvinnbifreiða sem njóta virðisaukaskattsívilnana verði aukinn.
- Að heimilt verði að fella niður virðisaukaskatt eða telja til undanþeginnar veltu innflutning rafmagns- og vetnisbifhjóla og rafmagnsknúinna reiðhjóla.
- Að heimild til að endurgreiða byggjendum og eigendum virðisaukaskatt verði aukin upp í 100%
- Að byggjendum og eigendum íbúðarhúsnæðis verði veitt heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á hleðslustöðvum í eða við íbúðarhúsnæði
- Að útleiga handhafa leyfis til að reka ökutækjaleigu, eignaleigu eða fjármögnunarleigu á vistvænum bifreiðum verði undanþegin virðisaukaskattsskyldri veltu
- Að heimilt verði við innflutning eða sölu á hreinorku-hópbifreið í almenningsakstri, að fella niður virðisaukaskatt eða telja hann til undanþeginnar veltu
- Að atvinnurekstraraðilum verði heimilað að fyrna að fullu á kaupári niður að niðurlagsverði eignar hreinorkuökutæki.

Athugasemdir við einstaka hluta frumvarpsins

1. grein b)
Að mati Samorku mætti ganga lengra í að hækka upphæðina, sem í frumvarpinu er hækkuð úr 1.440.000 kr í 1.560.000 kr.

1. grein c)
Sama á við hér og við 1. gr.b) – upphæðin er hækkuð úr 6.000.000 í 6.500.000 – hér mætti ganga lengra.

1. grein g)
Ef að Ísland á að ná að uppfylla skuldbiningar sínar vegna Parísarsamningsins, þá þarf til þess meira en 100.000 hreinorkubifreiðar á göturnar fyrir 2030. Mikilvægar ívilnarnir sem þessar ættu að mati Samorku að skoðast í samhengi við þetta. Í þessari ívilnun felst framtíðarsýn og hvatning til mögulegra kaupenda hreinorkubifreiða. Þannig er það tillaga samtakanna **að að á þessum tímapunkti verði ekki horft til fjöldatakmarkanna**. Málið ætti frekar að skoðast í samhengi við heildarmarkmið Íslands í loftslagsmálum og það lykilhlutverk sem orkuskipti í samgöngum spila þar.

Virðisaukaskattsívilnun fyrir tengiltvinnbifreiðar
Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að virðisaukaskattsívilnun fyrir tengiltvinnbifreiðar falli niður eftir 31. desember 2020. Samorka leggur til að heimild til niðurfellingar virðisaukaskatts á tengiltvinnbifreiðum falli ekki niður á þessum tíma heldur verði bundin því skilyrði drægi á rafmagni á bifreiðinni verði að lágmarki 50 km. Þetta er í ljósi þess að á allra næstu árum verður mikilvægi tengiltvinnbifreiða fyrir orkuskipti enn mikið, og ekki er tímabært að mati Samorku að taka út þessa ívilnun. Frekar ætti að halda henni inni á þann hátt sem Samorka leggur til og endurskoða eftir 2-3 ár.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst, f.h Samorku

Páll Erland, framkvæmdastjóri.